

Alþingi
Erindi nr. P 131/101
komudagur 16.11.2004

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál

Femínistafélag Íslands fagnar frumvarpi um fórnarlamba- og vitnavernd. Mansal er vaxandi vandamál í alþjóðaumhverfinu. Ísland er ekki undanskilið og nauðsynlegt er að sporna við mansali með öllum tiltækum ráðum, bæði með refsingum fyrir þá sem stunda mansal og með úrræðum fyrir fórnarlömb. Við tökum undir að það er nauðsynlegt að tryggja fórnarlömbum mansals vernd og úrræði þrátt fyrir að viðkomandi treysti sér ekki til að bera vitni. Við styðjum frumvarpið og mælum eindregið með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
F.h. Femínistafélags Íslands
Katrín Anna Guðmundsdóttir